

Nd. **542. Frumvarp til laga** [198. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. apríl.)

1. gr.

1. málsgrein 4. greinar laganna orðist svo:

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir. Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutbundinni kosningu, en ráðherra skipar tvo menn, annan eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama hátt. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá. Noti aðilar ekki rétt sinn til tilnefningar aðalmanns eða varamanns, skipar ráðherra þá án tilnefningar. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Núverandi stjórnarmenn halda umboði sínu til loka kjörtímabils síns. Þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðherra skipar, skulu í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma.